

um, sem greindir eru í 3. gr. sama samnings. Ber samkvæmt þessu að taka dómkröfu stefnanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Félagsmönnum í Félagi löggiltra rafvirkjameistara er skylt að greiða þeim félagsmönnum í Félagi íslenzkra rafvirkja, sem hjá þeim vinna og rétt eiga á eins mánaðar uppsagnarfresti samkvæmt 12. gr. í núgildandi kjarasamningi nefndra aðilja, kaup fyrir 48 klukkustunda vinnuviku, ef rafvirkjar koma réttstundis til vinnu sinnar, þó þannig, að til frádráttar komi þeir helgidagar, sem tilgreindir eru í 3. gr. kjarasamningsins.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 21. desember 1951.

Nr. 11/1951: **Alþýðusamband Íslands f. h.
Sjómannafélags Reykjavíkur**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur:

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 12. sept. þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur gegn Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. kjarasamnings milli Sjómannafélags Reykjavíkur annars vegar og stefnda hins vegar, sem dagsettur er 6. nóvember f. á., skulu skipverjar á togurum fá 17% af heildarsöluverði fisks, þegar veitt er í *ís til sölu á erlendum markaði*, að frádragnum 20% af söluverðinu vegna

útflutningsgjalda, tolla erlendis og löndunar og sölukostnaðar þar. En í 5. mgr. 3. gr. sama samnings segir svo:

„Nú er saltfiski úr veiðiför landað erlendis til sölu þar og skal þá greiða skipverjum 19% af heildarsöluverði fisks að fráðregnum 20% af söluverðinu.“

Hins vegar er ekki tekið fram í þessari grein, að 20% frádrátturinn sé vegna ákveðinna gjalda útvegsmanna eins og gert er í 1. mgr. 2. gr.

Nú hefur það átt sér stað, að nokkrir togarar hafa landað saltfiski úr veiðiför í Danmörku. Hefur fiskurinn þá verið seldur um borð í skipinu, kaupandinn séð um löndun hans og greitt löndunarkostnaðinn. Telur stefnandi, að fiskurinn hafi þá verið seldur þeim mun lægra verði sem löndunarkostnaðinum nam. En þegar skipverjum hafa verið greidd þau 19% af söluverði fisksins, sem um er samið í síðast nefndri grein, hafa þeir útgerðarmenn, sem þar áttu hlut að máli, gert upp við skipverja með þeim hætti, að þeir draga 20% frá söluverði aflans um borð í skipinu, áður en til skipta koma þau 19%, sem skipverjum ber í sinn hlut.

Stefnandi hefur ekki viljað fallast á þennan greiðsluhátt. Telur hann, að þau 20%, sem greinin heimilar útgerðarmönnum að draga frá söluverðinu samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 3. gr., séu til þess að mæta þeim útgjöldum, sem beinlínis er getið í 1. mgr. 2. gr. Eigi því, að hans dómi, að skýra þetta ákvæði svo, að heildarsöluverð fisksins samkvæmt 3. gr., 5. mgr., sé söluverðið um borð, þegar aflinn er seldur um borð í skipinu, að viðbættum löndunarkostnaði á hverjum stað, auk útflutningsgjalds og tolla og sölukostnaðar erlendis.

Stefndi lítur hins vegar svo á, að útgerðarmönnum sé samkvæmt 5. mgr. 3. gr. rétt og heimilt, þegar þeir selja saltfisk upp úr skipi erlendis, að draga frá 20% af söluverði fisksins um borð í skipinu, áður en hlutur skipverja sé inntur af hendi. Bendir hann á, að í þessari grein séu ekki tekin upp þau gjöld, sem greind eru í 1. mgr. 2. gr. sama samnings. Skipti því ekki máli hér, hvort þau séu raunverulega fyrir hendi, enda standi um margt öðruvísi á um saltfisksölu upp úr skipi erlendis en um ísfisksölu. Hefur stefndi haldið því fram, að þurft hefði að geta þess sérstaklega í 5. mgr. 3. gr., ef sama

hefði átt að gilda um saltfisk samkvæmt þeirri grein og ísfisk samkvæmt 2. gr. Þetta hafi ekki verið gert, og sé útgerðarmönnum því heimil sú framkvæmd, sem þeir haldi fram.

Þar sem aðiljar máls þessa gátu ekki komist að samkomulagi um ágreining þann, er lýst hefur verið, höfðaði stefnandi mál þetta svo sem að framan greinir og gerði við munnlegan flutnings þess þær dómkröfur, að framangreind 5. mgr. 3. gr. í kjarasamningi málsaðilja, dags. 6. nóv. f. á., sé rétt skil-in og framkvæmd svo, að félagsmenn stefnanda eigi rétt á að fá 19% af heildarsöluverði saltfisks, sem landað er erlendis, að fráðregnum 20% af söluverðinu, þannig að heildarsöluverð fisksins skuli talið verð fisksins komins á land, og ávallt að viðbættum útflutningsgjöldum, tollum erlendis og löndunar- og sölukostnaði þar, hvort sem þessir útgjaldaliðir eru greiddir af útgerð skipsins eða ekki.

Þá hefur stefnandi og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Telja verður, að samkvæmt 1. mgr. 2. gr. í framangreindum samningi málsaðilja sé það meginregla, að sá 20% frádráttur, sem útgerðarmönnum er heimilaður, sé til þess að mæta ákveðnum útgjaldaliðum vegna sölu erlendis. Ekki hefur verið sýnt fram á, að sala saltfisks upp úr skipi erlendis sé í þeim meginatriðum háð öðrum skilyrðum en ísfisksala, að ætla megi, að heimild til 20% frádráttar af hálfu útgerðarmanna sé þar fyrir hendi án tillits til þess, hvort þeir eiga þar nokkrum útgjöldum að mæta eða ekki. Það verður því að líta svo á, að með orðunum „heildarsöluverði fisks“ í 5. mgr. 3. gr. sé átt við verð fisksins komins á land í erlendri höfn. Og ef þannig hagar til, að fiskur er seldur um borð í skipi, þá ber að bæta við það söluverð löndunarkostnaði á þeim stað ásamt útflutningsgjaldi, tollum erlendis og sölukostnaði þar, áður en útgerðarmaður dregur frá þau 20%, sem margnefnd 5. mgr. 3. gr. heimilar honum.

Samkvæmt þessu ber að taka dómkröfu stefnanda til greina, en rétt þykir eftir atvikum að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Heildarsöluverð fisks samkvæmt 5. mgr. 3. gr. framan- greinds kjarasamnings er verð fisksins um borð, að við- bættum löndunarkostnaði á hverjum stað, útflutnings- gjöldum, tollum erlendis og sölukostnaði þar.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 22. desember 1951.

Nr. 14/1951: **Einar J. Guðmundsson** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h.
Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Eyjólfur Jónsson
í stað Helga Hannessonar.

Brottvikning úr stéttarfélagi dæmd ógild.
Skaðabætur dæmdar.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu 20. f. m. af Einari J. Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Sundlaugavegi 8 í Reykjavík gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. bifreiðastjóra- félagsins Hreyfils. Dómkröfur stefnanda eru þær:

1. að dæmt verði, að brottvikning stefnanda úr bifreiða- stjórafélaginu Hreyfli, sem samþykkt var á félagsfundi þar 7. nóv. s.l. og tilkynnt stefnanda af stjórn Hreyfils 9. s. m., sé ólögmet,

2. að téð félag verði fyrir umrædda ólögmeta brottvikn- ing hans dæmt til að greiða hinar þyngstu sektir, sem lög leyfa,

3. að téð félag verði aðallega dæmt til að viðurkenna stefn- anda sem fullgildan félagsmann sinn, en til vara verði það dæmt til að taka hann í félagið sem fullgildan félagsmann, allt að viðlögðum sektum, eigi undir 200 krónum fyrir hvern